

Ed.

639. Nefndarálit

[129. mál]

um frv. til l. um járnblandiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Ljóst er af upplýsingum, sem fram hafa komið við umfjöllun málsins í þingnefndum og við umræður um málið í neðri deild, að hér er um að ræða fjárglæfra-fyrirtæki þar sem líkurnar benda flestar til þess að þjóðinni sé búið fjárhagslegt tjón ef úr verður. Fyrir liggja upplýsingar um versnandi stöðu málblandiðnaðarins í

heiminum, og líkur benda til þess að enn frekar muni halla á ógæfuhliðina fyrir þessari framleiðslugrein er stundir liða fram. Samkvæmt nýlegum upplýsingum, fengnum úr nafnkunnum erlendum efnahagsmálatimaritum, eru málmblendiverksmiðjur Evrópu margar hverjar á gjaldþrotsbarmi vegna versnandi samkeppnisaðstöðu við málmblendiverksmiðjur í öðrum heimshlutum (sjá fylgiskjal nr. 1). Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar hefði tap af járnblendisverksmiðjunni numið 850 milljónum króna á s. l. ári hefði hún þá verið í gangi (sjá fylgiskjal nr. 2). Ljóst er einnig að raforkusala Landsvirkjunar til fyrirhugaðrar járnblendiverksmiðju á því verði, sem um er samið, er mjög óhagstæð og nægir söluverðið ekki fyrir kostnaði við framleiðslu Sigölduversins.

Ljóst er enn fremur, að starfsleyfi það, sem heilbrigðisráðuneytið hefur gefið út til verksmiðjunnar, fullnægir alls ekki þeim kröfum sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Náttúruverndarráð gera til hollustuhátta og umhverfisverndar af hálfu slíkra fyrirtækja (sjá fylgiskjal nr. 3), og virðist svo sem hlífa eigi fyrirtækinu af fjárhagsástandum við því að koma upp fullkomnum mengunarvörnum og ráðstöfunum til heilsugæslu.

Loks er þess að geta, að fyrir liggja óyggjandi upplýsingar um það að allur þorri fólksins, sem býr við Hvalfjörð og í nánustu grannsveitum fyrirhugaðrar verksmiðju, er andvígur því að verksmiðja þessi risi á Grundartanga.

Af þessum sökum leggur minni hl. iðnaðarnefndar til að frumvarp þetta verði fellt.

Alþingi, 2. maí 1977.

Stefán Jónsson.

Fylgiskjal I.

LE MONDE DIPLOMATIQUE: Ágúst 1976.

Fréttir frá CECA (Evrópska Kola- og Stálsambandið).

Eftir sex mánaða vangaveltur — sem eru að mestu leyti stjórnmálalegs eðlis — hefur Evrópska Kola- og Stálsambandið (CECA) ákveðið 21. júlí, hvers konar ráðstöfunum skuli beita gegn stálkreppunni (. . .). Þessar ráðstafanir, sem kenndar eru við Simonet, höfund þeirra, eru í fimm liðum:

Takmörkun framleiðslunnar. Simonet leggur til að CECA fái í framtíðinni vald til að krefjast af stálverum takmörkunar á framleiðslunni á grundvelli kvóta, sem þau mundu samþykkja fyrir fram. Þessi kvóti yrði reiknaður út með tilliti til markaðshorfa.

Verð. Simonet leggur til að CECA gefi út viðmiðunarverð, sem stálframleiðendur haldi sig við.

Samskipti við lönd utan Efnahagsbandalagsins. Til að koma í veg fyrir að stjórnlaus innflutningur raski mörkuðum innan bandalagsins og valdi verðhruni, er lagt til að CECA geti bannað stálframleiðendum innan CECA-samtakanna að breyta verðskráningu til samræmis við hið lága verð, sem aðilar utan bandalagsins bjóða.

Fjárfestingar. CECA óskar einnig eftir því að geta haft virk áhrif á ákvarðanir verðandi framleiðslugetu innan umráðasvæðis síns. Þótt CECA ætli sér ekki að svo stöddu að banna byggingu nýrra stálvera, gæti CECA beitt áhrifum sínum á fyrri stigum ákvörðunartöku, þegar hugað er að nýjum fjárfestingum í þessum iðnaði. CECA gæti beint fjárfestingaraðilum í þær greinar, sem eru févæna. Verði heildarframleiðslugeta samt of mikil, áskilur CECA sér rétt til að taka ákveðnari og neikvæðari afstöðu til nýrra fjárfestinga.

Félagsleg endurhæfing og byggðapróun. Það hefur komið í ljós, að kreppan hafi hrjáð sérstaklega ákveðin héruð og ákveðna launþegahópa. Simonet telur að CECA eigi að kanna betur þessi mál og athuga hvernig megi efla og flýta endurskipulagi í iðnaðinum („reconversion industrielle“).

BUSINESS WEEK: 8. 11. 1976.

Vonir stáliðnaðarins hafa brugðist gersamlega.

(. . .) Tveir þriðju af því stáli, sem selt er í Bandaríkjunum á þessu ári, mun vera plötustál („flat-rolled steel“) — en venjulega er hlutur þessarar stáltegundar aðeins 40—45%. Stjórnendur stálfyrirtækja kvarta um að þessi stáltegund sé sú sem færi þeim minnstan hagnað. Lauterbach frá stálfyrirtækinu Wheeling segir að „hækka verði talsvert söluverð þessarar stáltegundar“ til að ná viðunandi arðsemi.

Nauðsyn hærra stálverðs verður greinilegra, þegar haft er í huga, að stálframleiðslukostnaður er mjög háður nýtingu verksmiðjanna. En nú er nýtingin aðeins 75% af framleiðslugetu þeirra. Tímakaups-verkamönnum er sagt upp í þúsundatali og birgðir látnar minnka. Edgar B. Speer frá U. S. Steel segir að fyrirtækið muni selja ýmsar vörur einungis af brigðum það sem eftir er af árinu. Hann telur ólíklegt að nokkur verksmiðja komist upp í 90% nýtingu fyrr en í fyrsta lagi á öðrum ársfjórðungi næsta árs.

Of mikil afkastageta stálvera knýr stálfyrirtæki til að draga úr fjárfestingum í nýjum verksmiðjum. National Steel t. d. hefur frestað um óákveðinn tíma áætlunum sínum um byggingu stálvers að framleiðslugetu 2.3 milljón tonn.

Forráðamenn stáliðnaðarins kenna japönskum stálinnflutningi um, að vonir þeirra hafi brugðist. Á vesturströndinni, þangað sem japanir flytja mest inn, hefur Kaiser Steel tapað 3.6 milljónum dala á þriðja ársfjórðungi þessa árs, en á samsvarandi tímabili í fyrra var hagnaður þeirra 3 milljónir dala.

LE NOUVEL OBSERVATEUR 10. 1. 1977.

Milljarðarnir gufa upp.

„Stáliðnaður heimsins er í kreppu. Á einu ári minnkaði salan um 20% (. . .) Til að mæta kreppunni hefur Efnahagsbandalagið lýst yfir „kreppuástandi“ í þessum iðnaði og þar með fengið tækifæri til að hrinda af stað Simonet-áætluninni. Sú áætlun miðar að því að draga úr framleiðslunni í því skyni m. a. að hækka söluverð á stáli (. . .)

En framkvæmd þessarar áætlunar mun ekki út af fyrir sig jafna þann mismun í framleiðni, sem ríkir milli hinna ýmsu landa Efnahagsbandalagsins. Framleiðni franska stáliðnaðarins er t. d. mjög léleg og er hann því ekki vel samkeppnisfær miðað við stáliðnað annarra landa. Í Frakklandi fer fram aðeins 12.5% af framleiðslunni með nýjustu tækniáðferðum á meðan samsvarandi hlutfall í Japan er 30%. Franskir stálframleiðendur flytja aðeins út óunnið stál. Þess vegna er útflutningur þeirra hlutfallslega minni en útflutningur þjóðverja og japana, sem selja úrvinnslutæknina með (. . .)

En samt hefur franska ríkið lánað stálframleiðendum landsins 6.85 milljarða franka á tímabilinu 1961 til 1976 með mjög hagstæðum vaxtakjörum (2.8 milljarða árið 1966, 2.65 milljarða árin 1972—73 til byggingar stálversins í Fos við Miðjarðarhafið, 1.4 milljarða árið 1975, þar af 800 milljónir til stálfyrirtækisins USINOR og 600 milljónir til SACILOR). Auk þess hefur Evrópska Kola- og Stálsambandið (CECA) lánað frönskum stálframleiðendum 2 milljarða franka með mjög hagstæðum kjörum. Einnig skal nefnt að bankaskuldir franska stáliðnaðarins nema um 26

milljörðum franka. Heildarskuldir franska stáliðnaðarins eru nú taldar álika miklar og velta þess.“

Blaðið heldur svo áfram og gagnrýnir bæði franska stálframleiðendur og franska ríkið fyrir það að öll þessi fjárútlát hafi ekki leitt til þess árangurs, sem til var ætlast. Blaðið telur mikla óstjórn vera í stáliðnaðinum, lánsfé til hans illa varið og að ríkið fylgist ekki nógu vel með nýtingu þess.

THE ECONOMIST: 12. 2. 1977.

Kreppan í stálheiminum („The crises in world steel“).

Fyrirsjáanlegt er, að hin mikla kreppa stálmarkaðarins heldur áfram. — Pantanir minnka og þeim fækkar. Verksmiðjur eru reknar langt undir afkastagetu. Undirboð valda truflunum á mörkuðum. Uppsögnum verkamanna fer sífellt fjölgandi. Fjöldi stálfyrirtækja rambar á barmi gjaldþrots, sem vart getur annað hjargað en þjóðnýting.

Algengt er að heyra kveinstafi um varnaraðgerðir gegn Japan, Suður-Kóreu, Suður-Afríku eða Spáni. Þessar raddir heyrast í Bandaríkjunum, en eru verulega háværar í Evrópu. Jafnvel stáliðnaðurinn í Japan á sína slæmu daga. Langflestir halda því fram að kreppan sé í rénun og að nauðsynlegar varnarráðstafanir nú af hálfu hins opinbera verði hægt að leggja niður í framtíðinni. En á bak við þetta felast þróunarlöndin með ákveðni og fjármagn til þess að byggja upp sinn eigin útflutningsiðnað á stáli. Hvert eiga þá hinir hefðbundnu útflytjendur stáls að leita með afurðir sinna úreltu verksmiðja? Þeir verða að umbylta og endurskipuleggja eigin framleiðslu.

Þetta segir í nýútkominni grein úr viðskiptaritinu THE ECONOMIST þann 12. 2. s. 1. Ef lesið er áfram má finna eftirfarandi upplýsingar um ástand stálmarkaðarins í heiminum:

Meginorsök þess, að yfirstandandi samdráttur kemur svo illilega við kaunin á stálframleiðendum og að næsta kreppa verður jafnvel enn verri, er Japan. Hér er að vísu um nokkra einföldun málsins að ræða, en engu að síður er Japan veigamikil ástæða. Fyrir 20 árum voru japanir 69 stundir að framleiða tonn af stáli. Árið 1974 voru þeir tæplega 9 stundir að því. Á sama tímabili hafa evrópumenn aðeins aukið afköstin í stáliðnaðinum úr 35—37 stundum á tonn í 15—25 stundir á tonn, og bandaríkjamenn úr u. þ. b. 15 stundum í u. þ. b. 11 stundir á tonn. Árið 1955 framleiddu japanir aðeins 9.4 megatonn (mt) af 270 mt heimsframleiðslu, en árið 1974 framleiddu þeir 119 mt af 680 mt heimsframleiðslu. Markaðshlutdeild þeirra hefur því aukist úr 3.5% í 17.5% á tímabilinu. Japan er nú þriðja stærsta stálframleiðsluland heims og japanska fyrirtækið Nippon Steel er stærsti stálframleiðandi heims, auk þess sem 3 af næstu 6 stærstu fyrirtækjunum eru japönsk. Japan flytur nú inn sáralítið af stáli, en útflutningur þess eykst stöðugt (t. d. 23% árið 1976, sem var kreppuár í stáliðnaðinum). Aukningu á útflutningi Evrópulanda má hins vegar fyrst og fremst rekja til vaxandi viðskipta Efnahagsbandalagsríkja innbyrðis, en sameiginleg nettó-útflutningsaukning þeirra virðist hins vegar hafa minnkað hlutfallslega, ef tekið er mið af útflutningi Þýskalands, sem er stærsti og sterkasti stálframleiðandi Evrópu. Á línuriti á bls. 84 má sjá þessa þróun enn betur. Þar kemur fram að útflutningur umfram innflutning vex stöðugt í Japan, hins vegar minnkar hann verulega hjá Efnahagsbandalagslöndunum, en er nokkuð stöðugur í Bandaríkjunum. Hér er miðað við tímabilið 1966—1976.

En fleira kemur til. Evrópsk stálfyrirtæki, einkum þau sem eru í ríkiseign, hugsa sér áframhaldandi aukningu í framleiðslu, enda telja þau áhættuna litla vegna þess að viðkomandi ríkisstjórnir mundu aldrei láta þau fara á hausinn. Þetta á einkum við um breta og ítali, en einnig um belga, hollendinga og frakka. Þeir, sem svona tala, líta á mörg þróunarríki sem örugga markaði, þrátt fyrir það að þessi ríki hyggi á uppbyggingu eigin stáliðnaðar. Þau lönd, sem nú þegar hafa uppi áætlanir í þessa

átt, eru Brasilía, Mexikó, Venezuéla, Íran, Egyptaland, Saudi-Arabía ásamt fleirum. Öll hugsa sér að flytja út hluta af framleiðslunni til annarra þróunarrikja, eins og Japan hefur gert að nokkru leyti. Gert er ráð fyrir að þessi lönd muni ráða yfir 10% af framleiðslugetunni árið 1980, og þau gera sér vonir um 25% árið 2000. Þessi lönd framleiddu hins vegar innan við 1% af heimsframleiðslunni árið 1964. En það, sem athyglisverðast er í öllu þessu, er, að þessi lönd hafa nú þegar tryggt sér nauðsynlega tækniástoð frá iðnríkjunum svo og innflutningsleyfi til þeirra (. . .) Samtök járn- og stálframleiðenda í Japan segja að meðalverð á stáli hafi lækkað um 15.5% á s. l. ári, eða úr 348\$/t í 294 \$/t. En þrátt fyrir allt þetta starfar stáliðnaðurinn í Japan aðeins með 80% afköstum.

Ýmislegt bendir til þess að samdráttur hjá hinum hefðbundnu stálframleiðendum verði nokkru meiri en almennt hefur verið viðurkennt. Þó er bandaríski stáliðnaðurinn mun betur settur en sá evrópski. — Í Bandaríkjunum á stáliðnaðurinn sínar eigin hráefnalindir, auk þess sem hann hefur nú þegar orðið fyrir verulegum skakka-föllum. Þar var stáliðnaðurinn eitt sinn sá stærsti í heimi, en nú er hann minni en sá rússneski. Innflutningur til Bandaríkjanna er nú meiri en útflutningur. — Í Evrópu er ástandið miklu verra. Ef reiknað er með því, að markaðsjafnvægið breytist í Efnahagsbandalaginu á sama hátt og það hefur breyst í Bandaríkjunum s.l. 10 ár (þ. e. útflutningur minnkar á kostnað aukins innflutnings), sem ekki má teljast ólíklegt, þá má búast við því að samdráttur verði, sem nemi 100—150 þús. vinnuplássum næstu 10 árin.

Hvað er þá til bragðs að taka? Ef gripið verður til verndar á heildsölu stáls, þá má segja að evrópski og bandaríski stáliðnaðurinn mundu halda sínu. En slíkt mundi einungis leiða til mikillar samkeppni og viðskiptastríðs, sem yrði enn víðtækara en það sem nú geisar (u. þ. b. helmingur af allri framleiðslu inniheldur eitt-hvert stál). Stríð af þessu tagi mundi auk þess leiða til aukins svigrúms fyrir þróunarlöndin til þess að byggja upp eigin stáliðnað. — Ýmislegt fleira kemur fram í greininni, sem allt virðist benda til þess að erfitt muni reynast að sporna við vaxandi kreppu á stálmarkaðnum. Stálframleiðendur í Evrópu og Bandaríkjunum eru auk þess alls ekki sammála um hvernig eigi að bregðast við.

Innan Efnahagsbandalagsins hafa stálframleiðendur bundist samtökum, og hin svokallaða Simonet-áætlun, sem miðar að samræmingu á markaðsaðstöðu landanna, er til þess gerð að hjálpa aðildarríkjum bandalagsins í gegnum þessa kreppu. En ósamkomulag ríkir innan bandalagsins, og hefur t. d. British Steel Corporation, sem er í eigu ríkisins, tilkynnt verðlækkun á framleiðslu sinni til þess að endurheimta áður glataða markaði, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli bandalagsins um að forðast verðstríð. Og það, sem gerir ástandið enn verra, er það, að stáliðnaður Efnahagsbandalagsins starfar aðeins með 60% af heildarframleiðslugetu. Þýskaland, sem ávallt hefur flutt út meira af stáli en flutt hefur verið þar inn, reyndi það á fyrri helmingi ársins 1976 að innflutningur varð meiri en útflutningur. Belgísk og frönsk fyrirtæki ramba á barmi gjaldþrots, og við þeim blasir lítið annað en þjóðnýting.

En hvað um þróunarlöndin? Innflutningur til Brasilíu minnkaði um 30% árið 1975, og um 58% til viðbótar árið 1976. Í því landi er áætlað að stálinnflutningur muni heyra fortíðinni til þegar árið 1980 eða þar um bil. Nú er þar unnið að samræmdri áætlun um uppbyggingu stáliðnaðar, svokallaðri Silebras-áætlun. Gert er ráð fyrir að lagðir verði til þessarar áætlunar 4 milljarðar dollara árið 1978 og 4.5 milljarðar dollara árið 1979. Til samanburðar má geta þess, að japanir fjárfestu 5 milljarða dollara í sínum stáliðnaði árið 1975. — Samdráttur er á stálmörkuðum í Suður-Afríku og hafa framleiðendur þar leitað í sívaxandi mæli til Evrópu með afurðir sínar. — Í Svíþjóð nam samdráttur stáliðnaðarins 8.4% og hefur framleiðslan dregist saman úr 6.0 mt ársins 1974 í 5.1 mt árið 1976.

Að lokum er rétt að tíunda nokkuð það, sem fram kemur í töflu á bls. 82, en hún tekur yfir tímabilið 1966—1975: Þau lönd, sem dregið hafa úr framleiðslu á

stáli, eru Bandaríkin og Bretland. Þau lönd, sem hafa aukið framleiðslu sína um allt að 20%, eru Vestur-Þýskaland, Frakkland og Svíþjóð. Þau ríki, sem hafa aukið framleiðslu sína umfram 50%, eru Japan, Kína, Ítalía, Pólland, Tékkóslóvakía, Spánn, Rúmenía, Brasilía og Suður-Afríka. Og þau lönd, sem hafa aukið framleiðslu sína umfram 100%, eru Japan, Kína, Spánn, Rúmenía, Brasilía og Suður-Afríka.

LE MONDE: 22. 2. 1977.

Samband stálverkamanna í Bandaríkjunum (The United Steel Workers) krefst æviráðningar.

(...) Auk hinna hefðbundnu krafna varðandi kjör verkamanna, krefjast U. S. W. æviráðningar. Abel, fráfarandi formaður sambandsins (sem hefur látið eftirmanni sínum eftir ýmsar kröfur), tók fram að sambandið vildi tryggja meðlimum sínum ævistarf og árlegar tekjur, sem yrðu óháðar efnahagssveiflum eða sveiflum í stáliðnaðinum og í einstökum fyrirtækjum hans.

LE MONDE DIPLOMATIQUE: Mars 1977.

Stálfréttir frá Evrópu.

Í Frakklandi, hefur stjórnin kynnt stefnu sína til að bæta ástandið í stáliðnaðinum. Verða áætlanir þar að lútandi birtar í maí n. k.

Lán verða veitt úr Iðnþróunarsjóði til stálfyrirtækja til að hagræða framleiðslu þeirra. Um upphæðir lánanna hefur enn ekkert komið fram. Jafnframt krefst stjórnin vissra skilyrða af hálfu lántakenda: Viðkomandi fyrirtæki yrðu að leggja fram eigið fé á móti, þau yrðu að taka tillit til byggðastefnu landsins og staðsetja verksmiðjur á tilgreindum svæðum. Ríkið áskilur sér rétt til að eiga hlut í viðkomandi fyrirtækjum.

Atvinnuleysi í þessum iðnaði heldur áfram að aukast, talað er um 20 000 manna fækkun til 1980. Hins vegar hafa ráðstafanir til aðstoðar Lorraine- og Nord-héruðum verið tilkynntar, þar sem atvinnuleysið er hvað mest. Í Belgíu hafa komið fram nýjar og nýjar tillögur um endurskipulagningu stáliðnaðar. M. Bruck, forstjóri SIDMAR, áætla að við endurskipulagningu stáliðnaðarins mundu um 25 000 manns missa vinnu sína. Markmið þessarar hagræðingar á að vera minnkun heildarafkastagetu verksmiðjanna frá 22 í 18 milljón tonn í Belgíu og Luxemborg. Verkalýðsfélögin í Charleroi — miðstöð stál- og járneðnaðar í Wallonie — hafa lagt til, að menn fari á eftirlaun fyrr, karlmenn 60 ára, en konur 55 ára. Auk þess leggja þau til að þeim, sem kjósa að hætta starfi fyrr, yrði greidd sérstök þóknun.

INTERNATIONAL HERALD TRIBUNE: 14. 3. 1977.

Vestur-Þjóðverjar flytja verksmiðjur til útlanda.

Líkt og bandarísku fjölþjóðahringarnir á 6. og 7. áratugnum eru vestur-þýsku stórfyrirtækin nú að flytja framleiðslustarfsemi sína úr landi í sparnaðarskyni.

Megintilgangurinn er að sleppa við dýrt vinnuafl. En vestur-þýsku framleiðendurnir, eins og hinir bandarísku, eiga líka í höggi við umhverfisverndarsjónarmið heima fyrir.

Þar sem fjöldi atvinnuleysingja í Þýskalandi er meiri en 1 milljón manna, þriðja veturinn í röð, eru vestur-þýsku verkalýðssamböndin nú neikvæðari í afstöðu sinni til þessa útflutnings á fyrirtækjum. Hins vegar benda þeir af áhrifamestu iðnjöfrum Þýskalands á, að verkalýðssamböndin hafi stuðlað að þessari þróun. Þótt þessir

menn séu þekktir fyrir varfærni í ályktunum gera þeir allir ráð fyrir grundvallar-breytingum í uppbyggingu vestur-þýskra atvinnuvega, sem hingað til hafa verið miðaðir við útflutning.

„Að undanförunu höfum við flutt út heil stáliðjuver (...) til annarra landa, s. s. Írans, Íraks og Sovétríkjanna,“ sagði Hans Birnbaum, forstjóri Salzgitter stálfyrirtækisins, sem er í eigu ríkisins. „Það er óumflýjanlegt að þessi lönd verði sjálfum sér nóg og því verðum við að finna upp fullkomnari tækni og nýjar vörur til að selja þeim.“

„Nokkrir hefðbundnir atvinnuvegir okkar, eins og framleiðsla stórra véla og tækja til útflutnings, verða nú fyrir mikilli samkeppni frá löndum, þar sem vinnuafl er ódýrt,“ segir Hans-Martin Schleyer, formaður sambands vestur-þýskra atvinnurekenda. Hann bætir við: „Við þurfum að einbeita okkur meira að framleiðslu, sem byggist á þróaðri og flókinni tækni.“

LE MONDE DIPLOMATIQUE: Apríl 1977.

Harðari ráðstafanir boðaðar vegna stálkreppunnar.

The European Council of Rome hefur stigið eitt skref fram á við í baráttunni gegn stálkreppunni. Með tilliti til þess, að litill árangur hefur náðst af framkvæmd Simonet-áætlunarinnar síðan um áramótin, hefur ráðið gefið CECA — sem hefur aðsetur í Brussel — grænt ljós til að hefja nýja sókn gegn þessari uggvænlegu þróun, sem á að verða markvissari en þær aðgerðir sem hingað til hefur verið stuðst við.

Hér er þó ekki um að ræða óútfyllta ávísun, sem CECA fær í hendur, enda vissu æðstu stjórnendur Efnahagsbandalagsins fyrir, hvers eðlis tillögur CECA mundu verða. Þær voru kynntar á sínum tíma fyrir fulltrúum bandalagsins og fyrir fjölmiðlum.

Davignon, hinn nýi framkvæmdastjóri bandalagsins í iðnaðarmálum, reiknar með að stálkreppan versni enn: Framleiðslan minnkar, pöntunum fækkar hraðar en sem nemur framleiðsluminnkun, söluverð hrynur og uppsögnum starfsmanna í stálverum fjölgar. Davignon segir að sjálfsgagi stálframleiðenda í ríkjum Efnahagsbandalagsins — sem átti að halda framleiðslunni í skefjum — hafi ekki nægt til að bæta markaðsástandið og koma stálverinu í betra horf. Um leið og framleiðslukostnaður hefur hækkað á s.l. sex mánuðum hafa raun-söluverðin — sem eru lægri en hið opinberlega skráða söluverð — lækkað frá því í nóv. s.l. um allt að 20—25%.

Davignon gerir því eftirfarandi tilögur:

1. Framlengja skal um 3 mánuði gildistíma þeirrar áætlunar, sem var hrundið af stað um áramótin og átti að ljúka í marslok.
2. Finna skal aðferðir sem gætu hindrað verðhrun. Hér er einkum átt við það, að fyrirskipað yrði lágmarksverð á stáli. Hins vegar eru ríkisstjórnir Efnahagsbandalagsins mjög tregar til að binda sig við slíka skipun (enda gagnstæð stefnu þeirra um frjáls markaðslögmál). CECA telur því heppilegra að byrja með því að lýsa yfir „viðmiðunarverði“, sem lagt er til að stálframleiðendur virði í viðskiptum sínum. Davignon vonar að 90% af stálframleiðendum virði þessa viðleitni. Ef þessi aðferð skyldi mistakast, ætlar CECA að fyrirskipa lágmarksverð.
3. Hafa skal eftirlit með stálinnflutningi frá löndum utan bandalagsins. Davignon miðar að því að koma á innflutningsleyfum, sem yrðu veitt sjálfkrafa, en gerðu það jafnframt kleift að fylgjast betur með viðskiptum og ... hömluðu eilítið gegn innflutningnum.
4. Aðstoða skal við endurskipulagningu evrópska stáliðnaðarins. Hér er átt við lánastarfsemi, þjóðnýtingu, endurnýjun stálvera og endurbjálfun starfsmanna

o. fl. Nota má ýmsa fjármögnunarmöguleika, sem Rómarsamningurinn gerir ráð fyrir, s. s. lán til byggðapróunar, einkum til þeirra héraða, sem stálkreppan hefur hrjád hvað mest. Fjárfestingarbanki Evrópu, Bandalagssjóðurinn (Fonds Communautaire Régional), Félagsmálasjóðurinn o. fl., gætu aðstoðað hver fyrir sig eða sameiginlega við sköpun nýrra atvinnumöguleika í stað þeirra, sem tapast vegna samdráttar í stáliðnaðinum. Markmið CECA í þessu sambandi er að forðast, að við endurskipulagningu stáliðnaðar verði einblínt um of á framleiðsluþættina, þar sem búast má við talsverðum félagslegum vandamálum við slíka endurskipulagningu.

Þessi áætlun, sem hefur verið kynnt fyrir ráðgjafanefnd CECA, var samþykkt af miklum meiri hluta sérfræðinganna. Eftir er að sjá hvernig viðbrögð fulltrúa ríkja Efnahagsbandalagsins verða.

LE NOUVEL OBSERVATEUR: 11. 4. 1977.

Hrun stálfyrirtækisins USINOR.

Tilkynning stjórnar USINOR um, að á næstunni verði sagt upp þrjú þúsund starfsmönnum í verksmiðjunum í Thionville, hefur komið af stað skriðu mótmælaaðgerða af hálfu verkalyðsfélaganna: Verkamennirnir, sem eiga á hættu að missa vinnu sína, hafa hlotið stuðning vinstriflokkanna og jafnvel R.P.R. (flokks Chiracs).

Til réttlætningar ákvörðun sinni bendir USINOR á að útbúnaður í Thionville er orðinn gamall og ekki í því ástandi að hann geti keppt við stáliðnaðarvörur innfluttar frá Japan eða Spáni „fyrir slíkk“.

Þetta er staðreynd: Franski stáliðnaðurinn á við að etja meiri erfiðleika en nokkru sinni fyrr og það vegna þess, að við hörmulegar afleiðingar síðasta afturkipps hafa bæst uggvænleg áhrif hamslausrar samkeppni þeirra landa sem ástunda undirboð í þeim tilgangi að halda í gangi eigin tækjabúnaði og tryggja þar atvinnu.

Eftir mikinn rekstrarhalla síðastliðin þrjú ár er USINOR satt að segja á harmi gjaldþrots. Engu að síður bera forstöðumenn samsteypunnar og það ráðuneyti, sem fer með þessi mál, þunga ábyrgð. Með því að steypa sér út í verksmiðjuvintýrið í Fos við Miðjarðarhaf hafa frönsku stálsamsteypurnar tvær, USINOR og WENDEL, sóað þeim sjóðum sem þær hefðu getað notað til þess að endurnýja verksmiðjurnar í Lorraine og gera þær samkeppnishæfar. Fosverksmiðjan hefur reynst hin mesta peningahit og er langt frá því að skila fullum afköstum. Og í dag eru þrjú þúsund væntanlegir atvinnuleysingjar í Thionville fórnarlömb þessa óheillaráðs sem á sínum tíma hlaut frábærar undirtektir og rifleg lán frá ríkinu.

Jacques Mornand.

FRANKFURTER ALLGEMEINE ZEITUNG: 15. 4. 1977.

Sjúki stálmarkaðurinn (eftir Helmut Uebbing).

Fyrir stuttu þinguðu í Frankfurt fulltrúar stáliðnaðarmanna frá 60 löndum og ræddu um, hvernig unnt væri að vinna bug á almennum samdrætti á stálmörkuðum og hvernig tryggja mætti atvinnuöryggi verkamanna í þessum iðnaði. Skoði maður þýska stálmarkaðinn og í því samhengi Efnahagsbandalag Evrópu, verður ljóst, hve afsþyrnu erfitt mun reynast að finna lausn á málinu.

Enginn þorir að segja til um, hvað áunnist hefur með hinni léttvægu lífgun í stálútlutningi, sem stálfyrirtæki Efnahagsbandalagsins hafa séð síðustu vikurnar. Skoðanirnar á horfunum sveiflast milli léttúðugrar bjartsýni, sem stundum minnir

á hið margumtalaða síðasta hálmstrá, og heldjúprar hölsýni, sem sennilega er ámóta lítið ígrunduð (...)

Inn í þessa stöðu gripur CECA (Kola- og Stálsamband Evrópu) með því að festa lágmarksverð á steypustáli. Verði stálframleiðendur reiðubúnir til að fylla aftur birgðir sínar, gæti það stutt viðleitnina til að ná aftur tókum á verðlaginu. Í millitiðinni mun sambandið, að því er heyra má frá þýskum stálframleiðendum, verða að reikna með ákörfum mótmælum þýska stáliðnaðarins á fundi ráðgjafanefndarinnar 19. apríl n. k.

Hvað hraða verðbindingarinnar áhrærir, eru þau markmið, sem nefndin hugsar sér, ekki raunhæf að mati þeirra, sem fylgjast með markaðsmálunum, en hafna ekki afdráttarlaust hugmyndum um lágmarksverð. Hingað til var unnt að fá steypustál á 450 til 470 DM tonnið, mest vegna þrýstings ítalskra framleiðenda — verð, sem stálframleiðendur tapa minnst 100 DM á tonninu á. CECA vill koma í gegn 560 DM/tonn þegar í apríl, í maí 600 DM/tonn og í júlí 640 DM/tonn, til að ná loks frá 1. júlí n. k. 670 DM/tonn. Ekki virðist gerlegt að framkvæma þessa verðþróunaráætlun, sem CECA leggur til. Sérhver laginn kaupmaður gæti sneitt hjá kerfinu. Lágmarksverðið væri jafnvel gjöf af himnum ofan fyrir þá, sem bjóða vöruna á lágu verði. Þeir þurfa aðeins að vera lítillaga undir lágmarksverðinu og vinna þannig ítök í markaðnum með aukinni sölu.

Öðru fremur mundi þannig skapast svæði hás verðs innan Efnahagsbandalagsins, sem mundi leysa úr læðingi gífurlegt innflutningssog. Þegar þýskir stálframleiðendur reyndu árið 1976, þegar markaðurinn skánaði um tíma, að hækka hið óhagstæða verð á unnum stálvörum, sem sé ekki bara á steypustáli, sannreyndu þeir, að innflutningurinn snarhækkaði.

Eigi sem sé pólitik lágmarksverðsins að bera ávöxt, verður að gera ráðstafanir til verndar Efnahagsbandalaginu. Einmitt hér á ótti stálframleiðenda rætur sínar: Stáliðnaðurinn er, beinlínis, en einnig óbeint vegna stálútflutningsins, svo mjög háður viðskiptum við lönd utan bandalagsins, að verslunarstrið gæti orðið honum að bana. Þetta gildir ekki stöðu fyrir stáliðnað í Belgíu og Hollandi, sem og í Frakklandi. Þó verða það smám saman einungis þýskir stáliðjuhóldar, sem verjast munu hvað mest gegn hemlandi varnarráðstöfunum.

Hjá CECA og stáliðnaðinum er lítið eftir nema vonin um að iðnaður þeirra landa, sem einkum hefur selt stál til landa Efnahagsbandalagsins, haldi sig til baka til að varðveita stöðugleika markaðarins. Í þessu ljósi á að skoða „viðmiðunarverðið“ eða „indikativa lágmarksviðmiðunarverðið“, eins og það er kallað, sem verður innleitt fyrir aðra framleiðslu stálvera en steypustál eitt.

Tilraunirnar til að ná tókum á erfiðleikunum með frjálsri „kreppustjórnun“, með sjálfviljugri takmörkun framleiðslunnar án samkomulags um verð, hafa augljóslega farið út um þúfur. Til viðbótar þessum vandamálum, sem eru almenns eðlis (konjunktur), koma tæknileg atriði til með að breyta markaðshorfum (...)

Fylgi hinum „tæknilegu viðbrögðum“ (þ. e. fyllingu birgðageymslna hjá miðlurum og notendum) ekki stöðugur bati eftir sumarhléið, er viðbúið að haldið verði áfram viðstöðulaust leiðinni til miðstjórnunar. Notkun 61. greinar Montan-samningsins (þ. e. samnings milli Þýskalands og Frakklands frá sjötta áratugnum), sem tryggir núna lágmarksverð fyrir steypustál, felur hvort eð er í sér þá hættu, að önnur framleiðsla verði einnig tekin undir reglugerðina um lágmarksverð, enda stuðla tæknilegar ástæður einnig að útfærslu á notkun þessarar greinar. Ef „gúmmihamar“ 61. greinar verkar ekki, jafnvel þótt hún verði látin verka á aðrar stáltegundir, er hægt að sjá fyrir að yfir vofi notkun 58. greinar Montan-samningsins (framleiðslukvóta) sameinuð með 74. grein (innflutningshöft). Maður getur ekki ímyndað sér, að þýski stáliðnaðurinn eða stjórn landsins séu reiðubúin til að leika með þessa algeru stjórnun á framleiðslu, verðlagi, innflutningi og iðnaði. Hvaða afleiðingar slíkt hefði í för með sér fyrir Efnahagsbandalagið í heild er ekki unnt að segja fyrir um.

DIE WELT: 15. 4. 1977.

Samtök málmiðnaðarmanna krefjast alþjóðlegrar samræmingar í stálmálum.

Alþjóðasamband málmiðnaðarmanna, IMB, óttast viðtækt atvinnuleysi í stáliðnaðinum, ef örðugleikar á sölu stáls og hið djúptæka ójafnvægi á stálmörkuðum heimsins halda áfram. Á aukafundi alþjóðastálnefndar IMB, sem haldinn var í Frankfurt fyrir stuttu, kröfðust málmiðnaðarmenn frá yfir 60 löndum skjótra ráðstafana af hálfu ríkisstjórna og stálfyrirtækja til að tryggja til frambúðar atvinnuöryggi í þessari iðnaðargrein.

„Það er fásinna að undirbjóða hver annan með ódýrri framleiðslu og yfirbjóða með niðurgreiðslum.“ Þannig komst að orði Eugen Loderer, forseti IG-Metall (Sambands þýskra málmiðnaðarmanna) á kreppuráðstefnunni, sem kölluð var saman í til efni þess, að staðan á heimsmarkaði fyrir stál hafði versnað iskyggilega síðan á s. l. hausti og nálgast „eyðileggjandi verðkapphlaup, sem jafnast á við útrýmingarkapphlaup“.

Til þess að ná tökum á kreppunni stefnir stálnefnd IMB að alþjóðlegri samræmingu aðgerða af hálfu ríkisstjórna, verkalýðssamtaka og stálframleiðenda. Ekki er lengur unnt að fresta heimsráðstefnu um stál, sem er að vænta á vegum OECD, og skulu ríkisstjórnir kveðja til hennar hið fyrsta. (...) Aðgerðir til að tryggja atvinnuöryggi í stáliðnaðinum mega „ekki fara fram með þjóðlegum stuðningi og verðlagningar aðgerðum til aðstoðar útflutnings, sem raska mörkuðum og hafa gagnstæð félagsleg áhrif í öðrum löndum,“ segir í yfirlýsingu stálnefndarinnar.

Meðan opinberar yfirlýsingar ráðstefnunnar endurspeglar að nokkru leyti ráðaleysi og úrræðisleysi, varð ljóst af því, sem ósagt var látið, að á ákærubekknunum sitja einkum ríkisverslunar- og þróunarlöndin. „Við erum ekki mótfallnir því, að þróunarlöndin byggi stáliðjuver, en við erum á móti því, að þau skuli reist með útflutning fyrir augum,“ sagði bandaríkjamáðurinn Hermann Rebhan, aðalritari IMB. Hann gagnrýndi einnig ríkisverslunarlöndin, sem iðka „dumping“ af gjaldeyrisástæðum og selja stál undir framleiðslukostnaði. „Þessi pólitíska hegðun ríkisverslunarlandanna einkennir þjóðfélagsafstöðu þeirra,“ sagði Rebhan.

Reyndar hefur IMB tekist — að því er blaðafulltrúar sambandsins segja — að koma í veg fyrir þjóðlega sérhyggju verkalýðssamtakanna frá ýmsum löndum og lokka fulltrúa þessara samtaka inn á sameiginlega braut. Hversu erfið og takmörkuð þessi viðleitni er, þó ekki sé nema í Vestur-Evrópu, sýnir Ítalía, sem sniðgengur í sífelli kvótatilhögun Efnahagsbandalagsins, að því er talsmenn verkalýðssamtakanna segja. Fulltrúar ítölsku stáliðnaðarmannanna mættu ekki á ráðstefnunni í Frankfurt.

Það eru einkum formælendur IG-Metall, sem beita sér sífellt fyrir því, að eðlilegri samkeppni verði haldið við, hindra skuli óheiðarlega samkeppni, sem felst í sölu undir kostnaðarverði, hvort sem það er á grundvelli niðurgreiðslna eða „með því, að skattgreiðendur taki á sig tap þjóðnýttira fyrirtækja“. Þar sem er ekki lengur hagkvæmt að halda áfram framleiðslu á stáli, mun IG-Metall ekki beita sér gegn niðurrifi. Hins vegar vill IG-Metall koma í veg fyrir að sá, sem lengst hefur úthaldið, jafni síðar tap sitt, „þegar markaðurinn hefur verið rýmdur“, með hærri verði, sem hann gæti þá krafist.

DIE WELT: 16. 4. 1977.

Verkamenn Thyssen-verksmiðjanna mótmæla.

U. þ. b. 3000 stálverkamenn af 9000, þ. e. nærri allir verkamenn á morguuvöktum í Thyssen Niederrhein AG í Oberhausen (Vestur-Þýskalandi), mótmæltu á föstudagsmorgun í eina og hálfu klukkustund væntanlegri lokun Siemens-Martin stál-

versins. Sérfræðingar lögðu fram tíu valkosti um hvernig hægt væri að bregðast við hinum réttarfarslegu fyrirætlunum um að komið yrði fyrir rykhreinsitækjum. Einn af þeim valkostum væri að leggja niður framleiðslu, sem að sögn verkalýðs-sambandsins mundi þýða tap 2500 vinnuþlássa, en stjórn fyrirtækisins talar um 1600 stöður í því sambandi. Á fundi með fulltrúaráði starfsmanna sagði dr. Karl-Heinz Kürten, stjórnarformaður Thyssen Niederrhein AG, að engum starfsmanni yrði sagt upp, jafnvel þótt viðkomandi stálver yrði lagt niður. Stjórn fyrirtækisins telur hyggilegt að fjárfesta 130 millj. DM í byggingu nýs stálvers (væntanlega á sama stað), sem gæti framleitt sama magn og Siemens-Martin stálverið (þ. e. 50.000 tonn á ári), en þyrfti 1000 færri starfsmenn.

Fylgiskjal II.

Áætlað rekstraryfirlit Kísiljárnversins fyrir eitt ár, miðað við full afköst og verðlag ársins 1976.

	Milljónir norskra króna
Sölu tekjur	
50 000 tonn á 2 388 n. kr. ¹⁾	119
Hráefni.	
Kvarz	12
Koks	22
Kol	7
Járn	4
Rafskaut	5
Annað	1
	51
Raforka	18
Hafnargjöld og annar breytilegur framleiðslukostnaður	4
Fastur framleiðslukostnaður	
Vinnulaun	10
Stjórnun, skrifstofukostnaður og viðhald	8
	18
Tæknipóknun o. fl. 3.9%	5
Verðjöfnunargjald	2
Vextir²⁾	18
Afskriftir²⁾	25
Gjöld alls	141
Hreinn hagnaður fyrir beina skatta	÷22

Skýringar:

- 1) Tekjuverð, 2 388 n.kr. pr. tonn, sem hér er tekið sem dæmi, er skilaverð til norskra kísiljárnframleiðenda á árinu 1976. Í áætlunum Járnblendifélagsins nú er tekið til viðmiðunar sem grunnverð á árinu 1976 2 800 n.kr. pr. tonn. Sé það gert hækka sölu tekjur og hagnaður um 20 m. n.kr. frá því sem sýnt er hér að ofan. Hreint tap mundi þá lækka úr 22 m. n.kr. í 2 m. n.kr.
- 2) Hér eru teknir inn árlegir meðalvextir og afskriftir alls rekstrartímabilsins og er þá gert ráð fyrir 10% lækkun stofnkostnaðar, þar eð hér er ekki gert ráð fyrir verðhækkunum á byggingartímanum.

Fylgiskjal III.

29. apríl 1977.

Iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

EFNI: Starfsleyfi Járblendiverksmiðju.

Í framhaldi af umræðum í iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis vill Náttúruverndarráð ítreka það álit sitt um skilyrði í starfsleyfi til Íslenska járnblendisfélagsins, sem áður er tekið fram í bréfum, dags. 8. 7. 75, 22. 10. 76 og 26. 11. 76, til Heilbrigðiseftirlits ríkisins er hafa verið afhent Alþingi vegna þessa máls og fylgja hér með í ljósríti. Ráðið hefur kynnt sér þá kafla í starfsleyfi því sem heilbrigðisráðherra hefur gefið út til Járblendisfélagsins er snerta svið ráðsins og borið þá saman við tilsvareandi kafla í tillögum HER til heilbrigðisráðherra vegna umsóknar félagsins. Ráðið telur að vikið hafi verið frá þeirri stefnu sem mótast hafði í samstarfi þess og HER í veigamiklum atriðum. Telur ráðið að breyta þurfi leyfinu sem hér segir:

1. Grein 2.5 um bilanir á hreinsibúnaði er að mati Náttúruverndarráðs óviðunandi og mun í reynd óframkvæmanlegt að koma við stöðvun rekstrar þótt verulega beri út af með hreinsun útblásturs. Virðist fyrirtækið geta haldið áfram starfsemi um langan tíma, þótt hreinsitækin séu óvirk, og borið fyrir sig þær takmarkanir sem settar eru um beitingu lokunar. Ráðið telur augljóst að hér séu fyrirtækinu sett mun rýmri starfsskilyrði en gilda í Noregi, þrátt fyrir eindregnar tillögur ráðsins og HER um að þau yrðu mun þrengri héraðs. Náttúruverndarráð vísar til álitsgerða sinna í meðfylgjandi bréfum, en leggur til að tillögur HER um grein 2.5 verði teknar upp í starfsleyfið.

2. Náttúruverndarráð telur brýnt, að meðferð og ráðstöfun úrgangs verði háð samþykki ráðsins og HER, og leggur því til að grein 2.7 í heild verði breytt í það horf sem HER leggur til.

3. Náttúruverndarráð telur óviðunandi að felld séu niður ákvæði í grein 2.17 í tillögum HER um skyldur fyrirtækisins til að láta framkvæma rannsóknir ef líkur benda til skaðlegra umhverfisáhrifa af rekstrinum. Sama má segja um niðurfellingu ákvæða um efnagreiningar á hráefnum og úrgangi sem felldar eru úr grein 2.7, og leggur ráðið til að þau verði tekin upp í starfsleyfið.

4. Náttúruverndarráð leggur til að farið verði að tillögum HER um ákvörðun mengunarstaðla um brennisteinsinnihald koks og kola, sbr. grein 2.10.

5. Náttúruverndarráð telur nauðsynlegt, að áætlun um viðhald á hreinsibúnaði og aðgerðir í bilanatilfellum séu háðar samþykki HER, og leggur til að grein 2.3 í tillögum HER verði tekin upp í leyfið óbreytt.

6. Þá telur Náttúruverndarráð skaða að þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tillögum HER um eftirtalin atriði og leggur til að þau verði endurskoðuð:

Grein 1.1 um starfsleyfi fyrir tvo ofna í stað eins.

Greinar 1.2 og 2.16 um mengunarrannsóknir.

Grein 2.2 um afkæstagetu hreinsibúnaðar.

Grein 2.4 um aðild HER að mælingum á hæfni hreinsibúnaðar.

Grein 2.6 um hæð reykháfs.

7. Náttúruverndarráð álitur, að ákvæði starfsleyfisins um flutning, meðferð og geymslu hráefnis, sbr. lið 2.9, séu ófullnægjandi, og leggur til að tillögum HER um þetta atriði verði fylgt.

Náttúruverndarráð lýsir óánægju sinni yfir því að hafa ekki fengið tækifæri til að gefa umsögn um starfsleyfisdrög ráðuneytisins áður en frá því var gengið, sérstaklega með hliðsjón af þeim umfangsmiklu breytingum sem orðið hafa frá tillögum HER.

Að lokum leggur Náttúruverndarráð áherslu á að það telur áðurnefndar breytingar á starfsleyfinu til járnblendiverksmiðju nauðsynlegar til að viðunandi tókum verði náð á þeim þætti mengunarvarna og umhverfisverndar almennt, sem eru á starfssviði þess.

Með vinsemd og virðingu.

Eysteinn Jónsson, form. Árni Reynisson, framkvæmdastjóri.